



Skilmálar Landsbankans fyrir vöruna Spara

Landsbankinn hf. | Nr. 1540-02 | Febrúar 2021

Skilmálar þessir gilda á milli Landsbankans hf. (hér eftir „Landsbankinn“ eða „bankinn“) og viðskiptavinar (hér eftir „viðskiptavinur“ eða „eigandi sparnaðar“) sem nýtir sér vöruna Spara. Um notkun vörunnar gilda einnig Almennir viðskiptaskilmálar Landsbankans og eftir atvikum ákvæði skilmála og reglna um einstakar vörur eða þjónustu sem bankinn kann að veita viðskiptavini, eins og ákvæði þeirra eru á hverjum tíma.

Með því að stofna sparnað í Spara í Landsbankaappinu (hér eftir „appið“) undirgengst viðskiptavinur að hlíta skilmálum þessum í hvívetna. Öll notkun á þjónustu Spara takmarkast við þær aðgerðir sem eðlilegar og löglegar geta talist, sem og þær upplýsingar og þá þjónustu sem í boði er á hverjum tíma.

Stofnun sparireiknings

Spara gerir viðskiptavini sem náð hefur 13 ára aldri kleift að spara með einföldum hætti og án skuldbindingar. Þegar viðskiptavinur hefur valið sparnaðarflokk í Spara vörunni, og eftir atvikum gefið sparnaðinum heiti, stofnast sparireikningurinn Markmið, (hér eftir „sparireikningur“ eða „reikningur“). Sparireikningur er stofnaður án þess að viðskiptavinur velji sér leyninúmer. Greiðslur af reikningnum geta aðeins farið fram í Spara og þá eingöngu með framkvæmd millifærslu án leyninúmers yfir á annan reikning í eigu sama viðskiptavinar hjá Landsbankanum. Hið sama á við um lokun á sparireikningi. Viðskiptavinur getur lokað sparireikningnum hvenær sem er í appinu.

Sparnaðarmarkmið

Eftir stofnun á sparireikningi getur viðskiptavinur skráð markmið sem felur í sér að valin er fjárhæð og eftir atvikum tími. Skráning markmiðs felur ekki í sér neina skuldbindingu af hálfu viðskiptavinar. Viðskiptavini stendur jafnframt ávallt til boða að eyða eða breyta markmiði sparnaðar.

Sparnaðarleiðir

Viðskiptavinur getur valið milli þriggja mismunandi sparnaðarleiða til að spara með reglubundnum hætti, þ.e. með reglubundnum sparnaði, með sparað með debetkorti og með hlutfalli af launum.

Viðskiptavinur skráir reglubundinn sparnað með því að velja fjárhæð sem er millifærð mánaðarlega af völdum úttektarreikningi inn á sparireikning. Sparað með debetkorti gerir viðskiptavini kleift að velja fjárhæð sem bætist ofan á hverja debetkortafærslu sem framkvæmd er af úttektarreikningi viðkomandi debetkorts og færð inn á sparireikning. Með hlutfalli af launum velur viðskiptavinur launagreiðanda eða launagreiðendur og prósentutölu sem dregin verður af öllum greiðslum sem viðskiptavini berast frá völdum aðilum. Fjárhæðir sem samsvara völdu hlutfalli hvers greiðslu frá tilteknum launagreiðanda eða launagreiðendum eru færðar inn á sparireikninginn innan 24 tíma frá því að þær berast viðskiptavini inn á reikninga hans hjá Landsbankanum. Viðskiptavinur getur haft allar þrjár tegundir sparnaðarleiða virkar í einu á sama sparireikningnum. Viðskiptavinur getur hvenær sem er hætt og/eða breytt virkum sparnaðarleiðum.

Spara með öðrum

Deila reikningsupplýsingum

Viðskiptavinur sem náð hefur 13 ára aldri getur deilt upplýsingum um kennitölu og reikningsnúmer sparnaðar með því að smella á deila hnappinn, velja samskiptaforrit og viðtakanda. Í deilingu reikningsupplýsinga felst að kennitala og reikningsnúmer er afritað í samskiptaforrit símtækis og er því alfarið á ábyrgð viðskiptavinar hvert upplýsingunum er miðlað. Bankinn getur hvorki nálgast upplýsingar um samskiptaforrit sem valið er né viðtakanda upplýsinganna.

Gefa sýn á sparnað

Viðskiptavinur sem náð hefur 16 ára aldri getur veitt öðrum einstaklingum sem eru 9 – 12 ára og innan sama fjölskyldunúmers eða einstaklingum sem eru 13 ára og eldri sýn á sparnað í formi lesaðgangs. Þá getur viðskiptavinur sem



náð hefur 13 ára aldri veitt einstaklingum sem eru 9 ára og eldri og innan sama fjölskyldunúmers sýn á sparnað. Með því að veita sýn á sparnað samþykkir viðskiptavinur að valdir einstaklingar fái aðgang að upplýsingum um sparnaðarmarkmið, stöðu sparnaðar og allar færslur sem framkvæmdar eru á reikningnum. Viðskiptavinur veitir sýn á sparnað með einföldu rafrænu samþykki með því að velja einstaklinga sem lagt hafa inn á sparnað eða með leit í Þjóðskrá. Þegar viðskiptavinur hefur samþykkt að veita sýn á sparnað fær viðkomandi einstaklingur upphafskeyti með boði um að samþykkja að upplýsingar um sparnaðinn birtist í appinu hans, sem og að upplýsingar um innlagnir sem hann kann að framkvæma verði aðgengilegar eiganda sparnaðar og öðrum sem samþykkt hafa að fá sýn. Viðskiptavinur getur ávallt afturkallað samþykki fyrir veitingu á sýn. Bankinn varðveitir í 6 mánuði upplýsingar um einstaklinga sem fengið hafa boð um sýn á sparnað en hvorki samþykkt né hafnað boðinu. Að þeim tíma loknum fellur samþykki eiganda sparnaðar fyrir veitingu á sýn til viðkomandi einstaklings niður. Einstaklingur sem samþykkt hefur að fá sýn getur ávallt afturkallað samþykkið. Allir fjármunir inni á sparireikningi teljast eign reikningseiganda óháð uppruna þeirra og þátttöku annarra.

Meðferð persónuupplýsinga

Til að viðskiptavinur geti stofnað sparireikning og nýtt sér vöruna Spara er nauðsynlegt að vinna tiltekna upplýsingar um hann, sparnaðarmarkmið sem hann setur sér og þær sparnaðarleiðir sem hann velur. Bankinn vinnur einnig persónuupplýsingar um nafn og kennitölu viðskiptavinar, sem og fjárhagslegar upplýsingar um sparnaðinn, t.d. reikningsupplýsingar og hreyfingar á reikningnum, eins og nánar er lýst í persónuverndarstefnu bankans. Vinnsla framangreindra persónuupplýsinga er forsenda þess að viðskiptavinur geti notað vöruna. Foreldrar eða forráðamenn geta einnig fengið aðgang að upplýsingum um börn sín fram að 18 ára aldri, óski þeir eftir því. Sömu upplýsingar eru unnar um aðra einstaklinga sem viðskiptavinur kys að spara með eða veita sýn á sparnað á grundvelli samþykkis viðkomandi.

Svo unnt sé að áætla framvindu sparnaðar með Spara fer fram sjálfvirkur útreikningur á stöðu sparnaðar sem byggist á sparnaðarmarkmiði, tímabili sparnaðar, innborgunum og eftir atvikum sparnaðarleið sem valin hefur verið. Ef valin er sparnaðarleiðin sparað með debetkorti, fjárhæð og debetkort er auk þess nauðsynlegt að taka saman fjölda færslna á debetkorti þrjá mánuði aftur í tímann í upphafi og á meðan sparnaðarleiðin er virk, í þeim tilgangi að birta líklega fjárhæð sem viðskiptavinur sparar á mánuði. Ef valin er sparnaðarleiðin sparað með launum er nauðsynlegt að vinna upplýsingar og færslur á reikningum viðskiptavinar þrjá mánuði aftur í tímann, í þeim tilgangi að birta lista yfir líklega launagreiðendur og birta líklega fjárhæð sem viðskiptavinur sparar á mánuði. Framgreind vinnsla fer fram í upphafi á skráningu á sparnaðarleiðinni sem og reglulega á meðan sparnaðarleiðin er virk.

Upplýsingagjöf og sjálfvirkar tilkynningar (e. push notification) eru sendar til reikningseiganda og annarra einstaklinga sem hann hefur veitt sýn á sparnaðinn í appinu, m.a. þegar sparnaðarmarkmiði er náð og þegar innborgun hefur ekki farið fram á sparireikning á síðustu fjórum mánuðum.

Frekari upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga, varðveislu þeirra og þau réttindi sem persónuverndarlög veita viðskiptavini er að finna í persónuverndarstefnu Landsbankans.